

um frv. til laga um samskóla Reykjavíkur.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað fylgst að í þessu máli, og mun minni hlutinn (J. J.) gera grein fyrir afstöðu sinni til þess í sjerstöku nefndaráliti eða í háttv. deild.

Frv. þessu var vísað til nefndarinnar 11. f. m., og voru þá ýms eldri mál óafgreidd hjá nefndinni, t. a. m. frv. um heimavistir við Mentaskólann. Allir meðlimir mentamálanefndarinnar voru og meðlimir stjórnarskrárnefndar þessarar háttv. deildar, og er stjórnarskipunarlagafrv. kom aftur upp frá háttv. Nd., var það mál látið sitja fyrir öðrum málum. Tveir af nefndarmönnum eru og í fjárveitinganefnd þessarar deildar og urðu að verja mestöllum þeim tíma, sem til vaust frá deildarfundum, til fjárlagafrv., meðan það var á ferðinni hjer í deildinni.

Af þessum ástæðum hefir nefndin ekki haft nægan tíma til þess að sinna þessu frv., og játar það fúslega. Hinsvegar telur meiri hlutinn ekki annað fært en að láta málið koma frá nefndinni til háttv. deildar.

Við erum að mörgu leyti sammála meiri hluta mentamálanefndar háttv. Nd., og getum við því vísað til nefndarálits hennar (þingskjal 197).

Við teljum ekki eiga heima í lögum eins og þessum, að ákveða um rikissjóðestyrk til Samvinnuskólans í frantiðinni, og leggjum því til, að það ákvæði verði felt úr frv.

Okkur finst heldur ekki ástæða til að ákveða tölu fastra kennara við samskolana frekar en gert er í 1. málsg. 9. gr., og leggjum því til, að önnur málsgrein verði feld niður.

Þá álitum við og, að gerlegt sje að skylda kennarana til þess að kenna 30 stundir á viku, og komum fram með br.tillögu í þá átt.

Að öðru leyti getum við fallist á hið fyrirbyggjandi frv. sem samninga-grundvöll, og leyfum okkur að leggjja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin: „þar til slík . . . en hann hefir nú“ í 2. málsgrein falli niður.
2. Við 9. gr.
 - a. 2. málsgrein falli niður.
 - b. Í stað tölunnar „27“ í 3. málsgrein, kemur: 30.

Alþingi, 18. maí 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason,
form., frsm. meiri hl.

Jóh. Jóhannesson.